

SAMSTARFSSAMNINGUR VESTMANNAEYJABÆJAR OG GOLFKLÚBBS VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjabær, kt. 690269-0159 og Golfklúbbur Vestmannaeyja (GV), kt. 580169-7759 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

1. gr

Tilgangur og markmið

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi Golfklúbbs Vestmannaeyja (hér eftir GV) og aðra þjónustu sem GV veitir. GV skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfðra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Einnig skal hlúa að keppnis- og afreksiþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri. GV skal halda úti golfvelli sem uppfyllir kröfur keppnisíþróttarinnar og hefur jafnframt afdráttarafli til að efla íþróttina og áhuga iðkenda að sækja völlinn. Vestmannaeyjabær skal með samningi þessum styðja við fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum og samkomulagi um afnot á húsnæði.

2. gr

Framlög Vestmannaeyjabæjar

Vestmannaeyjabær greiðir GV árleg fjárframlög samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri bæjarins gerir í umboði bæjarstjóra og í samvinnu við framkvæmdastjóra GV. Félagið skal ráðstafa fjárframlögum bæjarins á eftirfarandi hátt til starfsemi sinnar. Almenn tækka framlög til neðangreindra þátta samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Framlag til almenns reksturs

kr. 10.652.000

Framlagið skal m.a. nýtt til að greiða hluta af daglegum rekstrarkostnaði s.s. laun framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem sjá m.a. um rekstur og skipulag barna- og unglingastarfsins.

Umhirðu- og framkvæmdastyrkur

kr. 16.346.000

Framlagið skal nýtt í umhirðu- og framkvæmdir til að viðhalda svæði Golfklúbbs Vestmannaeyja, bæði golfvöllinum og svæðum í kringum hann s.s. slætti í Herjólfsdal og umhirðu og viðhaldi á gönguslóðum á og við golfvöllinn (sjá fylgiskjal 1). Stefnan skal vera að halda golfvöllinum í þeim gæðaflokki að hann nýtist sem keppnisvöllur sem og að hann hafi það aðdráttarafli að laða að iðkendur og ferðamenn til Vestmannaeyja. Innifalið í þessum hluta er kostnaður vegna áburðarkaupa.

Framlag til að ráða sumarstarfsmenn

kr. 1.537.000

Framlagið skal nýtt af GV til að ráða til sín sumarstarfsmenn í stað þess að fá starfsmenn frá Vinnuskóla Vestmannaeyjabæjar. Framlagið gildir til ráðingar á starfsmönnum á sama aldri og sækir Vinnuskólann.

Framlag skv. samningi um nýbyggingu golfklúbbs

kr. 20.000.000 (20 m.kr. árlegt framlag í 3 ár)

Gerð verður eignaskiptayfirlýsing um eignarhluta Vestmannaeyjabæjar annars vegar og Golfklúbbs Vestmannaeyja hins vegar í nýjum hluta golfskálans. Vestmannaeyjabær leggur til 20 m.kr. á ári til þriggja ára, alls 60 m.kr., og eignast með því helming nýja hluta hússins. Golfklúbbur Vestmannaeyja mun annast allan rekstrarkostnað og viðhald aðstöðunnar. Gerður verður sérstakur samningur um nýbyggingu golfklúbbsins.

3. gr

Samskipti aðila og upplýsingagjöf

Stjórn GV og/eða framkvæmdastjóri GV annast samræmingu á starfsemi GV og beina erindum til Vestmannaeyjabæjar.

Vestmannaeyjabær tryggir að erindi sem berast bænum með öðrum hætti en frá stjórn GV eða framkvæmdastjóra GV verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar kemur fram fyrir hönd bæjarins varðandi nánari framkvæmd samnings þessa.

Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs annast dagleg samskipti við GV varðandi framkvæmd samnings þessa.

Framkvæmdastjóri GV kemur fram fyrir hönd félagsins við Vestmannaeyjabæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

Mælst er til að aðilar þessa samnings haldi upplýsinga- og samráðsfund einu sinni á ári þar sem staða rekstursins er rædd og fjárhagsáætlun GV fyrir næsta starfsár er kynnt.

4. gr

Ábyrgð stjórnar Golfklúbbs Vestmannaeyja

Framkvæmdastjóri félagsins í umboði stjórnar skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja það að bókhald sé reglulega og réttilega fært.

Allir styrkir og framlög Vestmannaeyjabæjar greiðast til stjórnar GV. Framkvæmdastjóri GV annast frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykkt rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að hún sé í samræmi við áætlanir og samþykktir stjórnar. Stjórn GV ber ábyrgð á að félagið uppfylli skilyrði reglna til að teljst fyrirmyndafélag ÍSí og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.

Vestmannaeyjabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar GV séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita samning við félagið þar sem fram koma skyldur þeirra um að fylgja starfsreglum félagsins og vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem starfa með æskufólki á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

Félagið skal taka mið af jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar og skipuleggj starf sitt með þarfir og hagsmuni beggja kynja jafnt í huga. Félaginu ber einnig að taka tillit til forvarnarstefnu Vestmannaeyjabæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða.

GV skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við starfsmenn bæjarins um fræðslu og viðbrögð við þeim.

5. gr


Gildistími

Samningur þessi skal gilda frá 01.01.2022 og gildir til 31.12.2023.

Samningsaðilar skulu á árinu 2023 endurskoða samning þennan með það að markmiðið að nýr samningur taki gildi í upphafi ársins 2024.


Vestmannaeyjum 10. maí 2022

Fh. Vestmannaeyjabæjar



Íris Róbertsdóttir

Fh. Golfklúbbs Vestmannaeyja



Sigursveinn Þórðarson

Fylgiskjal 1

Golfklúbbur Vestmannaeyja tekur að sér að slá fjögur svæði (sjá mynd 1) í Herjólfsdal og miðast verkið við svæði þar sem „röfivél“ nær til. Um er að ræða þrjá slætti; í byrjun júní, mánaðarmót júní/júlí og viku fyrir Þjóðhátíð.



mynd 1

Golfklúbbur Vestmannaeyja tekur einnig að sér að sinna almennu viðhaldi, lagfæringu og hreinsun göngustíga á og við golfvöllinn (sjá mynd 2) í samvinnu og samstarfi við Umhverfis- og tæknideild Vestmannaeyjabæjar.



mynd 2

A handwritten signature in blue ink, consisting of stylized, cursive letters. The signature is located in the bottom right corner of the page.